



Landsliðið í þjarkasmíðum

Styrksúmsókn



Tengiliður

Eyþór Máni Steinarsson | +354 663 1806 | hi@eythormani.com



Inngangur

Árleg ólympíukeppni í þjarkasmíði verður haldin í ágúst á vegum samtakanna FIRST Global. Á hverju ári er einu liði frá hverju landi boðið að koma og taka þátt í keppninni. Markmið keppinnar er að vekja athygli og kveikja ástríðu fyrir námi, leik og starfi í vísinda- og tæknigreinum meðal allra ungmenna jarðarinnar.

Auk þess að koma tækni- og vísindagreinum á framfæri veitir keppnin þátttakendum einstakt tækifæri til þess að kynnast og vinna með öðrum framúrskarandi einstaklingum á framhaldsskólaaldri alls staðar að úr heiminum. Keppnin leggur mikla áherslu á samvinnu og byggir að stórum hluta á því. Til þess að ná árangri þurfa ungmennin að vinna með jafningjum sínum að lausnum við flóknum þrautum. Keppnin skeytir þannig saman ungmennum úr mismunandi menningarheimum og sýnir þeim hvernig hægt er með samvinnu að nýta hæfileika sína til þess að leysa þær mikilvægu áskoranir sem heimurinn stendur frammi fyrir.

Þetta verður í annað skipti sem Ísland mun taka þátt í keppninni og hefur Upplýsingatæknideild Tækniskólans aftur verið boðið að senda þátttakendur til leiks. Hluti liðsins sem keppti fyrir hönd Íslands í fyrra hefur tekið höndum saman og myndað nýtt lið með nýjum þjálfara og efnilegri viðbót í keppnina.

Nú er undirbúningur hafinn við fjármögnun liðsins okkar og erum við að leita að fjárstyrk fyrir flugi, gistingu, mat og þátttökugjaldi. Kynningartækifæri í tengslum við keppnina eru víða mörg og má finna nánari sundurliðun á þeim neðar í skjalinu.



Keppnin og samtökin

Samtökin sem standa fyrir keppnini heita FIRST Global og eru skrásett bandarísk góðgerðasamtök. Samtökin vinna að því markmiði að efla og hvetja ungt fólk allra landa til forystu og nýsköpunar í tækni- og vísindum. Auk þess vilja þau efla samstöðu milli þjóða, vekja athygli á mikilvægi alþjóðlegs samstarfs, takast á við brýnustu vandamál heimsins og auka lífsgæði allra.

Eitt af verkefnum samtakanna er að halda umtalaða keppni í þjarkahönnun fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri. Keppnin snýst í kringum að þróa þjarka sem getur leyst

röð af þrautum hönnuðum af FIRST Global byggðum á 14 helstu áskorunum jarðar settar fram af Bandarísku verkfræðiakademíunni. Helsta þrautin í fyrra fjallaði sem dæmi um vatnshreinsun og vaxandi mikilvægi þess. Keppendurnir hönnuðu vélmenni sem gat sópað upp boltum og flokkað þá eftir því hvort þeir voru æskilegir eða ekki. Verkefnið dró hliðstæður við raunverulegar áskoranir í hreinsun og síun úrgangsvatns og tengir þannig inn á stærri, hnattrænni, umræðu um óskert aðgengi allra að nothæfu drykkjarvatni.

Keppnin var skipulögð þannig í fyrra að landsliðum var raðað í leiki með tveimur öðrum landsliðum, kallað bandalag.. , Þau kepptu síðan við annað bandalag samansett af öðrum landsliðum. . Það bandalag sem náði að safna og flokka flesta bolta hlaut síðan sigur í leiknum. Stig landsliðanna innan hvers bandalags voru sameinuð undir bandalögin, og fékk svo hvert landslið öll þau stig sem bandalagið safnaði samtals. Skipulaginu var háttað þannig að engin landslið voru í bandalagi með sama landsliðinu oftár en einu sinni. Á meðan á keppninni stóð söfnuðust stig landsliðana á stígatöflu og það lið sem var með flest stig þegar síðasti leikurinn kláraðist vann keppnina.

Nokkrum mánuðum fyrir keppnina fá þátttakendur senda til sín íhluti án leiðbeininga og lýsingu á verkefni sem þarf að leysa með þessum íhlutum. Löndin vinna síðan saman við að reyna að búa til vélmenni sem getur leyst áskorunina á sem skilvirkastan máta.

Þjálfarinn

Eypór Máni Steinarsson



Eypór útskrifaðist af Tölvubraut Tækniskólans haustið 2015 og hefur síðan þá deilt tíma sínum milli upplýsingatækni- og forritunarkennslu í Austurbæjarskóla og starfi sem hugbúnaðarsérfræðingur hjá Advania. Fyrir utan vinnu hans þar finnst Eypóri innilega skemmtilegt að taka að sér hin og þessi verkefni. Eitt þeirra kom til hans eins og himnasending í tölvupósti frá skólastjóra upplýsingatækniskólans þar sem honum var boðið að sjá um að þjálfar Íslandslíðið í þjarkasmíðum.

Eypór þjáist af óþrjótandi áhuga á bæði kennslu og vélmennaforritun og honum fannst þetta þess vegna kjörið tækifæri til þess að samtvinna stærstu áhugamál sín. Nú liggur bara fyrir höndum að þjálfar og styðja þennan ótrúlega hæfileikaríka hóp af ungmennum til dáða í Mexíkóborg í ágúst.



Þátttakendurnir

Dýrleif Birna Sveinsdóttir



Dýrleif Birna Sveinsdóttir er ung stúlkukind úr Hafnafirðinum, þó hafi hún verið alin upp af stórum hluta í Bandaríkjunum. Frá ungum aldri hefur Dýrleif haft brennandi áhuga á S.T.E.M (Science, Technology, Engineering, Math) greinum og hefur hún kosið að eyða miklum tíma innan- sem utan skóla í þessar yðjur. Dýrleif hóf nám í Tækniskólanum haustið 2016 á nýrri braut sem heitir K2 og einblýnir sú braut einmitt á tækni og vísindi. Engu síður má ekki gleyma að minnast aðeins á störf hennar innan Tækniskólans hvað varðar félagslífið. Þar tekur hún virkan þátt í að gera viðburði og er einnig gjaldkeri LAN-nefndar Tækniskólans.

Flosi Torfason



Flosi Torfason tók sín fyrstu skref í Rangárvallasýslu og gekk þar á eftir í Grunnskólann á Hellu. Eftir skóladaginn sat hann heima hjá sér og fræddi sig um það sem greip athygli hans. Áhugasvið hans ansi breitt það lá frá siðfræði og heimsspeki til forritunar og stærðfræði. Hann hafði mikinn áhuga á mekanískum hlutum og forritun svo að þjarkar lágu vel við höggi. Að grunnskóla loknum, með þríði, ákvað hann að hefja nám við Tækniskólann og flutti því til höfuðborgarinnar. Þar hélt hann áfram að fræðast um forritun og vélmenni. Metnaður hans og færni varð til þess að hann var valin í Landslið Íslands á alþjóðakeppni í vélmennaforritun.

Kormákur Atli Unnpórsson



Metnaðurinn uppmálaður, Kormákur Atli Unnpórsson byrjaði ungur að kynna sér hina og þessa hluti á sviði upplýsingatækni. Á fjórðu önn í framhaldsnámi við tölvunarfræði í Tækniskólanum hefur hann nú þegar að baki umsjón með Forritunarkeppni Grunnskólana og fjölmörg störf innan tveggja nemendafélaga Tækniskólans. Samhliða námi í Tækniskólanum hefur Kormákur boðið upp á heimanámsaðstoð fyrir samnemendur sína og yngri á vefnum sínum, www.kormakur.is, bæði við faggreinar og bókleg fög. Svo má að sjálfsögðu ekki gleyma því að nefna þátttöku Kormáks í landsliði Íslands í keppninni árið 2017.



Auglýsingatækifæri

Að undanskildu endalausum þakklæti og aðdáun þátttakendana eru aðrir kostir við að styrkja liðið. Fyrir viðburð eins stóran og þetta liggja fyrir mörg stór tækifæri til auglýsingar. Fyrir utan að styrkja stöðu og vitund um tækni- og vísindageirans í landinu er þetta einnig tækifæri til þess að koma þér og fyrirtæki þínu á framfæri í stórum stíl. Hér fyrir neðan getur þú fundið aðeins nokkrar af þeim fjölmörgu umfjöllunum sem liðið dró til sín í fyrra.

- [Forseti Íslands bauð liðinu á Bessastaði í myndatöku og sýningu á þjarkanum](#)
- [Stöð 2 heimsótti liðið á æfingasvæði sitt og tók viðtal við þátttakendurna](#)
- [Sendiráð Íslands í Bandaríkjunum hitti liðið í húsakynnum sínum í Washington](#)
- [Tækniskólinn talaði um og birti fréttir af liðinu í gegnum þjálfunina og keppnina](#)
- [Fyrir utan umfjöllun innan landssteinanna fjallaði FIRST líka um liðið á síðunni sinni](#)

Fyrir utan fréttaumfjöllun er FIRST núna að bjóða upp á auglýsingatækifæri. Til dæmis á bolum liðanna og síðu sinni, sem fékk meira en 350.000 heimsóknir á fjórum dögum á meðan að á keppninni stóð fyrir stuðningsaðila við landsliðin. Auglýsingatækifærunum skipt í flokka eftir hversu stórt framlagið er.



**FIRST
GLOBAL**

Sponsorship Opportunities

	\$100	\$250	\$500	\$1,000	\$2,000	\$2,500	\$3,000	\$7,500	\$10,000	\$15,000	\$25,000
Invitation to Private Sponsor Event with Dean Kamen and Ricardo Salinas in Mexico City											✓
60 Second Ad Played During the Event										✓	✓
30 Second Ad Played During the Event									✓	✓	✓
15 Second Ad Played During the Event							✓	✓	✓	✓	✓
Logo Featured at the end of Your Team Video							✓	✓	✓	✓	✓
Banner at your team's pits						✓	✓	✓	✓	✓	✓
Full Page Ad in the Event Program					✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Half-Page Ad in the Event Program				✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Promotional handouts at your team's pits			✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Logo in the Event Program		✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Logo on your Team Page on the FIRST Global Website	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓



Kostnaðaráætlun

FIRST miðar við að hvert lið muni þurfa að safna \$25.000 (um það bil 2.448.925.kr), en það er gróft viðmið fyrir öll liðin hvar sem er úr heiminum. Við settum því saman raunhæfari kostnaðaráætlun miðað við staðsetningu okkar á hnettinum.

Verðið á fluginu var reiknað út frá dohop.is þar sem ódýrasta flugið var valið. Verðið á gistingunni fengum við með því að finna meðalverð hótela í kringum völlinn. Annar kostnaður mun síðan sjá þátttakendum fyrir næringu og nauðsynlegu ferðalagi á meðan að á keppninni stendur.

Kostnaðarliður	Verð	Magn	Samtals
Flugmiðar	109778	4	439112
Gisting	124793	4	499172
Annar tilfallandi kostnaður	50000	4	200000
Þátttökugjald	350000	1	350000
		SAMTALS	1488284